



Umhverfisstofnun
Sigríður Kristinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Fjallabyggð 24.03.2020

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa í höfnum Fjallabyggðar 2020.

Almennar upplýsingar um höfnina

Stjórnsýsluupplýsingar:

Útgefið: 24.03.2020
Höfn: Hafnir í Fjallabyggð, Siglufjarðarhöfn og Ólafsfjarðarhöfn
Hafnarstarfsemi: Meðalstór fiskihöfn / minniháttar farmskipa- og frístundahöfn
Heimilisfang: Gránugata 24
Póstfang: 580 Siglufirði
Tengiliður: Þorbjörn Sigurðsson
Staða tengiliðs: Yfirhafnarvörður/verndarfulltrúi
Sími: 464-9177
Fax: 464-9179
Farsími: 852-2177
Tölvupóstur: Hafnarskrifstofa Siglufirði hofn@fjallabyggd.is

Fjöldi og tegund skipa og báta er nota höfnina.

- 25-40 þilfars og opnir fiskibátar
- 2 stór fiskiskip, auk þess landa hér, árstíðabundið, allmörg stór skip þegar þau stunda veiðar útaf norðurlandi
- 20 skemmtibátar
- Ca. 25-50 flutninga og skemmtiferðaskip á ári



Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar.

Yfirlit yfir starfsemi innan hafnar.

Hafnirnar eru staðsettar á Siglufirði og í Ólafsfirði sem er nyrst á Tröllaskaga. Mesti hluti starfsemi hafnanna fer fram við Siglufjarðarhöfn. Starfsemi tengd þeirri höfn er fiskvinnsla, bæði bolfisk og rækju, sem og vöruflutningar á sjó og landi.

Rammi hf. rekur rækjuvinnslu og gerir út tvo togara frysti og rækju sem landa á áragrundvelli ásamt fjölda stórra línuskipa og togara frá maí til desember. Þar er einnig Fiskmarkaður Siglufjarðar, Siglufjarðar Seigur ehf. bátasmiðja og tvö veitingahús eru rekin við höfnina.

Skemmti og flutningaskip koma á ári hverju. Á árinu 2019 komu 39 skemmtiferðaskip auk nokkurra annarra stærri skipa. Það heyrir til undantekninga að þau losi sig við sorp hvað þá farmleifar.

Um 40 litlir fiskibátar nota hafnirnar að staðaldri. Auk þess eru aðkomubátar hér margir yfir sumartímann. Þessir bátar nota sorpílát hafnarinnar. Um það bil 15-20 frístundabátar nota höfnina, flestir yfir sumartímann en nokkrir allt árið. Sorp frá þeim er nánast ekkert og fer þá í sorpílát hafnarinnar.

Við höfnina í Ólafsfirði eru þrjú fiskvinnslufyrirtæki og eitt netaverkstæði.

Móttökubúnaður og meðhöndlun úrgangs á höfninni

Þörfin fyrir sorphirðuástöðu.

Aðstaðan í höfninni telst fullnægjandi miðað við þarfir skipanna sem koma til hafnarinnar. Þeir sem sjá um löndun skipanna koma sorpi frá skipum í ruslagám eða á gámasvæði (sjá fylgiskjal 1, kort).

Siglufjarðarhöfn; Skipta má höfninni í 5 svæði.

- Innri-höfn og flotbryggja, þar sem er 1100 ltr. gámur
- Smábátahöfn með flotbryggju, 1100 ltr. gámur
- Ingvarsbryggja, 1100 ltr. gámur og úrgangsolíutankur merktur sem slíkur
- Togarabryggja, 1 gámur stór (læstur utan vinnutíma)
- Hafnarbryggja (Bæjarbryggja), 1100 ltr. gámur
- Óskarsbryggja, 1100 ltr. gámur

Ólafsfjarðarhöfn, er skipt í tvö svæði;

1. Austurhöfn, gámasvæði sveitafélagsins er á hafnarsvæðinu og gámar staðsettir þar
2. Vesturhöfn þar er 1 stór gámur og lítill úrgangsolíutankur

Í Ólafsfjarðarhöfn landa 10-15 smábátar.

Í vesturhöfn eru löndunarkranar fyrir smábáta og sjálfgreiðsla á olíu.

Enginn búnaður er til formeðferðar úrgangs í höfnum í Fjallabyggð.

Meðhöndlun úrgangs í höfnum í Fjallabyggð.



Fjöldi og tegund skipa sem nýta sér úrgangslausun í höfnum Fjallabyggðar.

Tegund skipa Skipakomur árið 2019:

| | |
|---------------------------|------|
| Lítil fiskiskip | 2280 |
| Stór fiskiskip | 268 |
| Flutninga- og farþegaskip | 49 |
| Skemmtibátar | 15 |

Úrgangur móttækinn 2019 (kg.) á Siglufirði

| | | | |
|----------------------|---------------------|--------------|---------------|
| <u>Óflokkað sorp</u> | <u>Netaúrgangur</u> | <u>Pappi</u> | <u>Timbur</u> |
| 73840kg. | 2400kg. | 2800kg. | 50 rúmm. |

Úrgangur móttækinn 2019 (kg.) í Ólafsfirði

| | | |
|----------------------|---------------------|-------------------------|
| <u>Óflokkað sorp</u> | <u>Netaúrgangur</u> | <u>Lífrænn úrgangur</u> |
| 2500kg. | 0 | 0 |

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig Fjallabyggðarhafnir meðhöndla úrgang frá skipum og bátum. Skip sem koma með sorp til hafnar, borga 17940- ISK og - ISK pr. tonn umfram tonn

| | Tegund aðstöðu | Aðferð við söfnun | Árlegt magn |
|----------------------------|--|---|-------------|
| Heimilis-sorp | Tunnukerfi | Ætlast er til að íbúar flokki skv. þriggja tunnu kerfi | |
| Endurvinnanlegt sorp | Áhöfnum er frjálst að flokka | Í heimaskipum er endurvinnanlegt sorp flokkað eins og hægt er | |
| Netafgangar | Sett í gáma | | 2400 |
| Lífrænt sorp | Fer í moltugerð | Safnað í sérstaka gáma | |
| Hættuleg efni | Ísl. Gámafélagið tekur á móti | Hættuleg efni (spilliefni) flokkuð sérstaklega og farið með þau beint í móttökustöð Íslenska Gámafélagsins á Siglufirði og Ólafsfirði. Áætlað magn árlega ca. 500 kg. | |
| Fljótandi úrgangur / olía | Tankur frá Olíudreifingu og Skeljungu | Togarar fá tank að skipshlið, minni bátar setja sína olíu í smátank sem er á hafnarsvæðinu | 67000 |
| Fljótandi úrgangur / skolp | Hreinsitækni ehf. kemur með dælubíl með tank | Beint í tank | |
| Annar úrgangur | 2x 12 m ³ gámur | Sorpi er safnað í gám sem staðsettur er á hafnarsvæðinu og tæmdur af Íslenska Gámafélaginu ehf. í sorpstöð | 73840 |



Móttaka og förgun á sorpi er unnin í góðri samvinnu við þjónustuaðila Fjallabyggðar í sorphirðu, Íslenska Gámafélagið ehf. útgerðafélög í sveitarfélaginu og aðra sem tengjast málum.

Ef viðskiptavinir hafnarinnar vilja koma á framfæri kvörtun vegna þjónustu hafnarinnar vegna sorphirðu, skulu þær stílaðar á Yfirhafnarvörð Hafnarsjóðs Fjallabyggðahafna eða Bæjarstjóra, allar kvartanir eru teknar til afgreiðslu í hafnarstjórn sem svarar þeim samkvæmt eðlilegu ferli í stjórnsýslunni. Hafnarverðir Hafnarsjóðs Fjallabyggðar hafa eftirlit með að úrgangur og sorp frá skipum og bátum fari í sorpgám. Eftirlitsmyndavélakerfi er í Fjallabyggðarhöfnum.

Áætlun þessi er unnin í samræmi við Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð, lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs, Reglugerðar nr.1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. ásamt reglugerð nr. 1200/2014.

Einnig í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum. Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Þegar Safe Sea Net tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið framá að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem settur er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

Skráning á magni sorps fer þannig fram, að heildarmagn sorps er vigtað og skráð. Ekki er vigtað frá einstökum skipum, í stað þess er lagt fast gjald á komu skipa, frá kr. 10.000kr. til kr. 20.500 kr. pr. skip ásamt öðrum hafnargjöldum. Sé sorp umfram það sem eðlilegt getur talist, að mati hafnarvarða, þá er rukkað fyrir það. Til frekari skýringa er vísað í gjaldskrá hafnarsjóðs Fjallabyggðar.

Ef dæla þarf skólpi úr skipum þá er sveitarfélagið með samning við Hreinsitækni ehf. um það, til þessa hefur ekki verið þörf fyrir þá þjónustu. Áætlun þessi, sem tengiliður ber ábyrgð á, er endurskoðuð á þriggja ára fresti og oftast ef þörf krefur. Næsta endurskoðun fer fram eigi síðar en árið 2021/byrjun árs 2022.

Fjallabyggð



Áætlunin er á ábyrgð hafnarstjóra og er aðgengileg í gagnabanka Fjallabyggðar, gjaldskrá Hafnarsjóðs er aðgengileg á heimasíðu Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is.

Fjallabyggð 24. mars 2020
Elías Pétursson
hafnarstjóri.